

Stjórnarfundur STEFs 9. nóvember 2022 / Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs fimmtudaginn 9. nóvember 2022 og hófst hann kl. 10:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Sigríður Thorlacius, Sigurður Flosason, Hallur Ingólfsson og Puríður Jónsdóttir. Eyþór Gunnarsson boðaði forföll, en ekki tóst að fá varmann hans á fundinn. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 11. ágúst og útdráttur voru lögð fram og samþykkt.
2. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram og rætt.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

1. Umsögn STEFs um frumvarp til breytinga á lögum um endurgreiðslu hljóðritakostnaðar.
2. Greinargerð STEFs til úrskurðarnefndar v. RÚV samnings.
3. Samningur við *Sinfóníuhljómsveit Íslands*.

Stjórn fagnaði því að náðst hefði að endurnýja samning STEFs við Sinfóníuhljómsveitina til skamms tíma, en taldi jafnframt mikilvægt að hafist yrði handa sem fyrst að setja niður samningsmarkmið varðandi langtímasamning.

Undir lið um yfirlit yfir starfsemina var, auk þess sem fram kemur í yfirlitinu, rætt um þátttöku STEFs í *Keychange*-verkefninu, en framkvæmdastjóri átti fund með einum verkefnisstjóra *Keychange* í *Airwaves* -vikunni. Rætt var um mögulegt framhald verkefnisins, en verið er að sækja um nýjan styrk fyrir verkefninu til *Creative Europe*. Er stjórn STEFs tilbúin til að leggja áfram fjármagn til þessa verkefnis, sé tryggt að þátttakendur frá Íslandi hljóti örugg pláss.

Sérstaklega var einnig rætt um *Íslensku tónlistarverðlaunin* og gagnrýnisraddir um framkvæmd þeirra. Var stjórnin sammála því að nauðsynlegt væri að fækka verðlaunaflokkum og útvíkka val á tónlistaratriðum, í því markmiði að gera hátíðina aðgengilegri fyrir almenning. Framkvæmdastjóri var falið að senda út skjal til stjórnar og kanna hugi þeirra til mismunandi verðlaunaflokka.

Þá var tilkynnt um hvaða konur hefðu verið valdar til þátttöku í mentor verkefni STEFs „Vindur í seglum“, en það voru þær: Sigga Ózk, Guðrún Ólafsdóttir og Krístrún Steingrimsdóttir. 38 umsóknir bárust um þátttöku í verkefninu.

3. Úthlutanir ársins – niðurbrot á tegund erlends flutnings

Lagt var fram skjal er sýndi sundurliðun úthlutana til meðlima STEFs vegna tekna frá erlendum systursamtökum. Skjalið sýnir að það eru fyrst og fremst tekjur vegna lifandi flutnings sem lækka á milli áruna 2021 og 2022, vegna áhrifa heimsfaraldursins. Aðrir tekjuliðir halda sér miklu betur á milli ára.

4. *Stórverkasjóður* – undirbúningur stofnunar. Drög að reglum um sjóðinn lögð fram til samþykktar. Tilnefning fjögurra stjórnarmanna.

Drögin að reglunum voru samþykkt með minniháttar breytingum. Lagðar voru fram tillögur að mögulegum stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra falið að hafa samband við viðkomandi til að athuga hvort þau gæfu kost á sér til starfsins. Sjóðurinn verður sérstaklega kynntur meðlimum STEFs fljótlega og upplýsingar um hann settar á heimasíðu STEFs.

5. Bréf Péturs S. Jónssonar v. erlendra innheimtu til stjórnar STEFs lagt fram. Minnisblað frá skrifstofu STEFs var einnig lagt fram, þar sem farið er yfir ýmis þau atriði sem Pétur ræðir í erindi sínu. Ljóst er að mikið er til í því sem Pétur nefnir að gera megi betur hvað varðar erlenda innheimtu fyrir kvikmyndir og sjónvarpsefni og var honum þakkað fyrir ábendingar og uppbyggilega gagnrýni. Í þessu sambandi var þó minnt á að skrifstofa STEFs hefur þó á síðustu árum gert mikið átak í fræðslu hvað varðar skil og vinnslu á tónlistarskýrslum fyrir kvikmyndir og sjónvarpsefni (e. cue sheets) og lagt aukinn kraft í að þjónusta þennan hóp meðlima STEFs. Var framkvæmdastjóra falið að undirbúa svarbréf til Péturs, byggt á minnisblaðinu, auk þess sem stjórn ítrekaði mikilvægi þess að vinna áfram markvisst að því að betrubæta alla verkferla í þessu sambandi. Var sérstaklega rætt hvort hægt væri að gera rannsókn og fylgja eftir tilteknum verkefnum, til að sjá hvort og þá hvaðan greiðslur skiluðu sér erlendis frá.

6. Uppfærsla á heimasíðu STEFs - snjallsímavænni og notendavænni heimasíða.

Framkvæmdastjóri kynnti uppfærslu á heimasíðu STEFs. Var stjórn sammála um að ágæti nýs útlits og uppsetningu, auk þess sem ánægju var lýst yfir að heimasíðan yrði snjallsímavæn. Tilkynnt var að nýja síðan yrði formlega opnuð á *Degi íslenskrar tónlistar* þann 1. desember næstkomandi.

7. Önnur mál.

- Styrkveiting til *Úrbótasjóðs tónleikastaða*, frh. frá síðasta fundi.

Stjórnin tók þá ákvörðun milli funda, að veita viljrði fyrir styrk til *Úrbótasjóðs tónleikastaða*, en eftir átti að ákveða fjárhæðina. Niðurstaðan var sú að sjóðurinn fær framlag frá STEFi í ár sem nemur kr. 500.000, en á næsta ári kr. 300.000. Eftir það er líklegt að fyrirkomulagi samvinnu Reykjavíkurborgar og tónleikastaða verði falinn nýr farvegur, í samræmi við stefnumótun í málaflokknum innan borgarinnar. Í þessu sambandi var rætt um þann möguleika að STEF myndi skoða, ásamt öðrum hagsmunaaðilum, að fara í samstarf um samvinnu með tónleikastöðum á landsvísu.

- Undir þessum lið vakti Þórunn Gréta athygli á nýlegu máli sem vakið hefur athygli fjölmiðla og snýr að hljóðupptökum sem RÚV seldi til hljóðbókafyrirtækis, án samþykkis rétthafa.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:30.